

Stjórn Landspítala

Fundargerð

Fundur boðaður	09. júní 2023 kl. 11:00-14:00
Staðsetning	Skaftahlíð 24, R (Salur: Furuhlíð 1, 1.h.)
Númer fundar	12
Viðstaddir	<u>Stjórn</u> : Björn Zoëga formaður, Höskuldur H. Ólafsson, Gunnar Einarsson, Birgir Gunnarsson varamaður og Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir varamaður <u>Áheyrnarfulltrúar starfsmanna</u> : Marta Jóns Hjördísardóttir og Örvar Gunnarsson <u>Aðrir</u> : Runólfur Pálsson forstjóri Landspítala, Oddur Gunnarsson lögfræðingur, Gunnar Ágúst Beinteinsson framkvæmdastjóri fjármála- og mannauðssviðs, Kristján Valdimarsson deildarstjóri innkaupadeildar, Hulda Harðardóttir verkefnastjóri lyfjainnkaupa, Arna Lind Sigurðardóttir deildarstjóri vöruhúss og Svava María Atladóttir framkvæmdastjóri þróunarsviðs
<u>Fjarverandi</u> :	Ingileif Jónsdóttir og Sólrún Kristjánsdóttir varaformaður
Fundarstjóri:	Björn Zoëga formaður
Fundarritari:	Oddur Gunnarsson

Dagskrá

1. Fastir liðir – kl. 11:00 – 12:30

Samþykkt fundargerða

Fundargerð 11. fundar samþykkt.

Skýrsla forstjóra

Forstjóri gerir grein fyrir vinnu við annan áfanga í endurskoðun á skipulagi spítalans. Vísar í því sambandi til tillagna og samstarfs við McKinsey. Stjórnkerfi á Landspítala sem byggist á lögum um tiltekna tvískiptingu milli lækninga og hjúkrunar skapar tiltekna hindrun í þessu sambandi. Tvískipting þessi markar okkur sérstöðu sem skapar áskoranir meðal samanburðarstofnana erlendis. Einnig skapar hlutfall hlutastarfa sérgreinalækna og hjúkrunarfræðinga vandamál í þessari vinnu, sérstaklega sérgreinalækna sem sinna krefjandi störfum utan spítalans. Rætt er um ástæður fyrir vilja starfsmanna tiltekinna stétta til að vera í hlutastarfi frekar en í fullu starfshlutfall.

Forstjóri gerir grein fyrir alvarlegri stöðu í myndgreiningarþjónustu spítalans en þjónusta sjálfstætt starfandi sérgreinalækna hefur alvarleg áhrif á möguleika spítalans til framþróunar þar sem tekjumöguleikar starfsmanna innan myndgreiningar eru miklir utan spítalans. Um helmingur starfa er mannaður með erlendum verktökum. Þá er myndstýrð inngripsþjónusta í uppnámi. Fyrir liggur tillaga yfirlæknis um að

samið verð við hóp sérfræðilækna um myndgreiningarþjónustu í verktöku. Kostnaður gæti að hans mati verið sá sami og á fullmannaðri einingu, sérhæfð þjónusta tryggð og kennslu- og vísindarannsóknnum fundinn viðunandi farvegur. Ef ljáð yrði máls á slíkri leið þyrfti að skoða möguleika/skyldu til útboðs áður en til samninga kæmi.

Fram kemur að ástæða þessarar stöðu á Landspítala megi rekja til samninga sem ríkið hefur gert við sjálfstætt starfandi lækna/ fyrirtæki á sviði myndgreiningarþjónustu. Læknar sem þar starfa eiga möguleika á meiri tekjum fyrir einfaldari vinnu og eingöngu í dagvinnu. Með þessu hefur spítalinn verið settur í erfiða stöðu sem kallar á nýjar lausnir. Sé vilji hjá stjórnvöldum til að breyta þessu þarf tíma enda er ríkið væntanlega bundið um sinn af þeim samningum sem gerðir hafa verið. Fram að því verður að bregðast við til að gera spítalanum kleift að sinna þeirri þjónustu sem honum ber að sinna lögum samkvæmt. Talið er að það vanti ekki sérfræðilækna á sviði myndgreiningar á Íslandi en þeir vilji ekki starfa á Landspítala af framangreindum ástæðum.

Stjórn felur forstjóra að skoða hvort unnt sé að gera tímabundinn tilraunarsamning á þeim nótum sem lagt hefur verið til. Einnig að skoðað verði í því sambandi hvort unnt sé að haga honum með þeim hætti að ekki verði um verktakasamning að ræða heldur að viðkomandi læknar verði starfsmenn spítalans.

Forstjóri gerir grein fyrir að 71 sjúklingur með færni og heilsumat sé nú inniliggjandi á spítalanum. Þá bíði 25 eftir endurhæfingarrými. Væntingar um að með tilkomu Vífilsstaða undir stjórn Heilsuverndar fyndist tiltekin lausn hafa ekki gengið eftir. Þar hafa orðið tafir vegna vandamála sem tengjast myglu í húsnæði og vantar enn talsvert upp á full afköst í rekstri. Þá má jafnframt telja víst að Heilsuvernd glími við mönnunarvanda með áþekkingu hætti og aðrar heilbrigðisstofnanir. Bent er á að sveitarfélögin hafi ekki náð að sinna þeim þætti sem að þeim snýr. Nefnd dæmi um að þjónusta ADL (heimastuðningur við athafnir daglegs lífs) sé hjá sumum sveitarfélögum aðeins sinnt í dagvinnu og heilsugæslan þurfi að grípa inn. Þetta er dæmi um verkefni sem sveitarfélögin eiga að sinna á þessu sviði en gera ekki eða geta ekki.

Farið yfir stöðu biðlista skurðsérgreina. Meðalbiðtími er lækkandi en verður eftir sem áður að teljast óviðunandi. Vonast er til að með nýjum stjórnanda sviðsins og breyttu skipulagi verði með haustinu unnt að stytta biðlista þessa og koma málum í ásættanlegt horf.

Umræður um mönnun á skurðstofum í aðgerðum, m.a. um möguleika á breyttu skipulagi þar sem fækkað verði fagfólki í teymum sem koma að einstökum aðgerðum til samræmis við það sem gerist á einkastofum og víða erlendis. Fram kemur að starfsmenn sem málið varðar hafi beitt sér talsvert gegn öllum breytingum. Rifjaðar eru upp fyrri tilraunir til breytinga sem ekki hafa gengið eftir. Nefnt að áform stjórnenda á árum áður í þessa veru hafi m.a. leitt til fjöldauppsagna skurðhjúkrunarfræðinga.

Fréttir af nýjum spítala. Endurmat á áhættu verkefnisins í samvinnu við KPMG. Mat á forsendum fyrir þarfagreiningu dag og göngudeildarstarfsemi (samvinna Landspítala, NLSH og HRN) og skilgreining á framtíðarhlutverki Landspítala og annarra þátta heilbrigðisþjónustunnar.

Stjórn áréttar fyrri bókun um að fjölgað verði í stjórn NLSH.

Forstjóri gerir grein fyrir áformum um endurskoðun á vísindastarfsemi Landspítala, vísindadeild, klínísku rannsóknarsetri, vísindaráði, vísindastefnu og vísindasjóði.

Langtímastefna

Forstjóri kynnir uppfærða stefnu Landspítala. Helstu breytingar varða framtíðarsýn, fjórþætta áherslu í starfi, þ.e. þjónustu, starfsfólk, þekkingu og umgjörð, og að „stefnuþríhyrningurinn“ verði aflagður.

Hlutverk spítalans skilgreint sem þjóðarsjúkrahús og háskólasjúkrahús. Spítalinn sé kjölfesta íslenska heilbrigðiskerfisins og bjóði upp á lifandi starfsumhverfi og starfsþróun.

Framtíðarsýn spítalans sé m.a. að veita framúrskarandi heilbrigðisþjónustu, vera miðstöð vísinda og menntunar og eftirsóknarverður vinnustaður sem hafi aðbúnað og stuðning til að geta sinnt hlutverki sínu.

Gildi spítalans eru; umhyggja, öryggi, fagmennska og framþróun.

Áherslur í starfi felast í þjónustu sem leiðir til árangursríkrar meðferðar sjúklinga með þátttöku þeirra. Biðtími verði hóflegur og að sjúklingar njóti þjónustu á grundvelli þverfaglegrar teymisvinnu fagfólks.

Starfsáætlun Landspítala 2023 kynnt.

Stjórn hvetur til þess að fjármálaáætlun og starfsáætlun liggja fyrir í nóvember ár hvert fyrir næsta ár. Rætt um ábyrgð á eftirfylgni áætlana.

Fjármál

Gunnar Ágúst Beinteinsson framkvæmdastjóri mannauðs og rekstrar kemur inn á fundinn kl. 12:00

Bráðabirgðauppgjör vegna janúar til apríl 2023 sýnir bætta stöðu frá síðasta uppgjöri. Viðbótarlaun hafa verið lækkuð í apríl, gert er ráð fyrir fjárveitingum úr sjóði vegna breytilegrar fjármögnunar og tekjur vegna þjónustu við ósjúkratryggða sem eru vaxandi.

Samkvæmt afkomugreinargerð janúar - apríl 2023 kemur m.a. fram að spítalinn sé enn að bera tiltekinn covid-kostnað (skimanir). Í frávikagreiningu er m.a. gerð grein fyrir áhrifum nýgerðra kjarasamninga og að gert sé ráð fyrir fjárveitingum úr potti vegna þjónustutengdrar fjármögnunar.

Húsnæðismál / framkvæmdir. Kynnt er staða verkefna á sviði húsnæðismála nú og áætlanir vegna 2024. Greint er frá 9 helstu verkþáttum á árinu 2023. Dýrasta framkvæmdin í ár varðar endurnýjun á háprýstiklefa í Fossvogi, u.þ.b. kr. 190 millj. Kostnaður við verkefni húsnæðisnefndar eru innan áætlunar fyrstu fimm mánuði ársins.

Greint er frá 8 stærri klínískum verkefnum sem fyrir liggja vegna 2024. Stærsta verkefnið er endurbætur á Kleppi C0, sem frestað var í ár, áætlað um kr. 280 millj.

Þá er gerð grein fyrir 9 stærri viðhaldsverkefnum á árinu 2024 þar sem kostnaðarsamasta verkefnið varðar útskiptingu glugga á Kleppi B1, u.þ.b. kr. 150 millj. Því verkefni var frestað á yfirstandandi ár.

Einnig er sagt frá stærri viðhaldsverkefnum innviða í 5 liðum 2024. Stærsta verkefnið í þeim flokki er innrétting á nýju ketilhúsi vegna þvottahúss um kr. 50 millj.

Áformuð er endurnýjun á starfsmannaaðstöðu á 4 starfsstöðvum 2024 og varðar kostnaðarsamasta verkefnið í þeim flokki endurnýjun á búningsherbergi í Fossvogi G140 o.fl. um kr. 90 millj.

Fyrir liggja ábendingar um verkefni frá tæknideild vegna 2024 í 30 liðum sem áætlað er að kosti samtals um kr. 624 millj.

Verkefni á „Excel-lista“ eru rúmlega kr. 2,2 ma auk um 0,5 ma vegna tækniherfa. Nákvæm fjárveiting er enn óþekkt en ljóst að ekki verður unnt að sinna öllu og því þörf á forgangsröðun. Talsvert af verkefnum sem áformað var að fara í 2023 hefur verið frestað.

Ljóst er að ræða þarf nánar og afmarka/skilgreina tiltekin verkefni, svo sem krabbameinsdeild á 11W og bættu aðstöðu fyrir einingar á geðsviði. Hvort sér fjárveiting fáiast vegna slíkra verkefna á eftir að koma í ljós.

Spurt hvernig staðan er í viðræðum um að yfirfæra fasteignamálin til fasteignasýslu ríkisins. Gunnar svarar því til að áform séu uppi um að víkka út hlutverk NLSH þannig að það nái til allra/fleiri fasteigna LSH. Rætt.

Sumarið 2023. Kynntar eru horfur í mönnun einstakra rekstrareininga sumarið 2023. Samtals vantar 138 stöðugildi og er mesta vöntunin á bráðamóttöku, 32 stöðugildi. Gerð er grein fyrir ómönnum vöktum eftir sviðum og deildum sumarið 2023. Hlutfall ómannaðra vakta er nú 7,2% fyrir spítalann í heild og mest á lyflækninga- og bráðasviði, 16,1%.

Kynnt er minnisblað framkvæmdastjórnar dags. 2. júní 2023 um viðbótarlaun vegna aukins vinnuframlags sumarið 2023, með gildistíma 1. júní 2023 - 31. ágúst 2023. Með þessu er starfsmönnum sem sinna tilteknum störfum umbunað sérstaklega fyrir aukavaktir sumarið 2023. Umrædd launaumbun verður þá greidd vegna vakta sem eru umfram vinnuskyldu fyrir fullt starf.

Rætt er um tregðu starfsmanna til að sinna vinnuskyldu á öðrum deildum. Þar sé, allavega að hluta til, um að kenna menningu sem hefur fest sig í sessi og stjórnendur verið hikandi að breyta. Eftir sem áður er vinnuveitandinn samkvæmt ráðningarsamningi Landspítali en ekki einstakar deildir.

Stjórn leggur áherslu á að starfsmenn séu ráðnir á Landspítala en ekki einstakar rekstrareiningar. Þeir verði því ávallt að sætta sig við að hlíta flutningi innan stofnunarinnar þegar á þarf að halda.

Stjórn hvetur til þess að gögn sem hana varðar einkum varðandi fjárhagsstöðu verði gerð aðgengileg fyrir stjórnarmenn þegar þau liggja fyrir en ekki aðeins skömmu fyrir stjórnarfundum eða á fundunum sjálfum. Einnig að mánaðarleg bráðabirgðauppgjör verði lögð fram fyrir en verið hefur. Jafnframt að stilla megi fjölda glæra í hól, til samræmis við tilefni og lengd kynninga á fundum stjórnar.

2. Innkaupatengd hagræðing – kl. 12:40-13:30

Á fundinn koma kl. 12:40 Kristján Valdimarsson deildarstjóri innkaupadeildar, Hulda Harðardóttir verkefnastjóri í lyfjainnkaupum og Arna Lind Sigurðardóttir deildarstjóri vöruhúss.

Innkaupadeild. Kristján Valdimarsson deildarstjóri innkaupadeildar gerir grein fyrir starfsemi deildarinnar sem felst í útboðum, samningsstjórnun, verðfyrirspurnum og sérhæfðri þjónustu við deildir. Einnig lyfjaútboð, verðfyrirspurnir og samningskaup auk stoðþjónustu. Gerir grein fyrir umfangi innkaupa á spítalanum og starfsemi deildarinnar, ógnunum í starfinu og tækifærum. Tækifæri felast m.a. í því að efla samstarf við erlendar heilbrigðisstofnanir, fá sjálfstætt leyfi til opinberra innkaupa, sameiningu innkaupa og utanumhalds, stöðlun í vöruframboði og ekki síst í innleiðingu og aukinni notkun á Power BI sem er öflugur hugbúnaður á sviði skýrslugerðar og gagnagreiningar.

Innkaup lyfja. Hulda Harðardóttir lyfjafræðingur og verkefnastjóri gerir grein fyrir innkaupum á leyfisskyldum lyfjum sem greidd eru af sérstökum fjárlagalið og almennum lyfjum sem greidd eru af

spítalanum. Stjórnsýsla lyfjamála í kerfinu er flókin. Tvö stöðugildi sinna nú opinberum innkaupum lyfja á Landspítala. Fram kemur að góður ávinningur hafi orðið af vinnu við opinber innkaup á lyfjum sem byggir mikið á samvinnu við tiltekin nágrannalönd okkar en að betur megi gera á þessu sviði.

Lyfjakostnaður hefur aukist ár frá ári. Sjúklingar eru meðhöndlaðir lengur og meðferðarkostnaður með nýjum lyfjum hækkar stöðugt. Kostnaður vegna leyfisskyldra lyfja 2022 var um kr. 42,5 ma. og um kr. 1,57 ma. vegna lyfja sem spítalinn greiddi fyrir. Árangur opinberra innkaupa á lyfjum árið 2022 er um kr. 850 millj. hagræðing miðað við fyrri samningsverð. Með þátttöku í norrænu útboði á tilteknum eldri lyfjum náðist um kr. 100 millj. ávinningur sem er um 70-80% verðlækkun. Áskoranir og tækifæri á sviði lyfjainnkaupa kynnt. Íslenski markaðurinn er örmarkaður í alþjóðlegum samanburði, lyfjafyrirtækin öflug og brýnt að tengjast með einum eða öðrum hætti stærri mörkuðum í öðrum löndum. Sagt er frá norrænum samráðsvettvangi um lyfjamál sem hefur mótað sameiginlega stefnu um skapandi lausnir í samvinnu um lyfjaútboð, öruggt framboð lyfja og sterka norræna rödd á evrópskum vettvangi. Stefnan var samþykkt á fundi hópsins í apríl 2023. Það er ljóst að það liggja sóknarfæri í aukinni samvinnu við Norðurlönd og aðrar þjóðir. Til að árangur náist þarf hins vegar aukinn mannafla umfram þá tvo sem sinna þessum málaflokki á Landspítala nú.

Vöruhús. Arna Lind Sigurðardóttir deildarstjóri vöruhúss gerir grein fyrir vinnu við stækkun vöruhúss að Tunguhálsi úr 500 fm. í 2500 fm. sem mun leiða til aukins rekstraröryggis, betra birgðahalds, aukinnar tæknivæðingar, bættrar þjónustu við deildir auk þess að bæta samskipti/samband við birgja og viðskiptavini. Með eflingu og stækkun vöruhússins næst hagræðing sem felst í minnkun á greymsluhúsnæði og birgðahaldi á einstökum rekstrareiningum og þar með auknu rými fyrir klíníska starfsemi. Einnig skapast tækifæri til birgðahalds fyrir aðrar heilbrigðisstofnanir auk þess sem tæknivæðing hins nýja vöruhúss skapi möguleika á fækkun um 12 stöðugildi frá því sem nú er.

Gunnar, Kristján, Arna og Hulda víkja af fundi kl. 13:30

Stjórn tekur undir fram komin sjónarmið um að sóknarfæri felast í því að auka mönnun í lyfjainnkaupum og lyfjaútboðum.

3. Stafvæðing og Gagnagreining

Svava María Atladóttir framkvæmdastjóri þróunarviðs kemur á fundinn kl. 13:30

Kynnt er staða og áform um þróun stafvæðingar og gagnagreiningar á Landspítala.

Sýnt yfirlit yfir stöðu Heilsugáttar í tengslum við aðrar stafrænar lausnir og þau kerfi sem notuð eru í einstökum þáttum starfseminnar. Einnig tengingu við heilsuveru.

Gerð er grein fyrir þróun rafrænna kerfa fyrir heilsufarsskrá. Fram kemur að spítalinn hafi sl. 15-20 ár lagt áherslu á þróun rafrænna kerfa fyrir heilsufarsskrár. McKinsey telur í skýrslu sinni 2021 að spítalinn standi sig vel í þessum málum og sé fremstur meðal jafningja í alþjóðlegum samanburði.

Fjallað um áskoranir og tækifæri varðandi bráðaleiðir og bráðatíma á þremur rekstrareiningum, þ.e. öldrun, hjartagátt og gigtarþjónustu.

Lýst er stafvæðingu samhliða þróun ferla í fjarvöktun, lokuðu lyfjakerfi og í undribúningi fyrir nýtt rannsóknarhús.

Gagnagreiningu lýst þar sem söguleg gögn eru nýtt til skýrslugerðar, rauntímagögn til ákvörðunartöku og spálíkön til að styðja við rekstur. Sýnd eru dæmi, þ.e.: Mælaborð sjúkraskrár „hlutfall í DRG-villuflokk“, hluti fjárhagsmælaborðs fyrir stjórnendur og reglubundið eftirlit með tækjum í HUT-mælaborði.

Stjórn hvetur til þess að Landspítali verði áfram leiðandi í þessum málaflokki gagnvart öðrum heilbrigðisstofnunum. Jafnframt að samvinna og samstarf verði styrkt sem lykilþáttur í umhverfi heilbrigðisstofnana þar sem spítalinn er yfirgnæfandi stærsta heilbrigðisstofnunin.

Svava vísar af fundi kl. 13: 45

4. Önnur mál

Ný upplýsingakerfi varpa ljósi á ýmislegt sem hefur ekki verið sýnilegt. Handavinna sem áður þurfti til við úttekt gagna og upplýsinga gerist nú stafrænt og skapar væntingar um verulega hagræðingu og vinnusparnað á þessu sviði. Sem dæmi má nefna að DRG-kerfið er búið að vera í þróun í 15 ár en nú fyrst farið af stað. Áður hafa ítrekað komið fram efasemdir og/eða óvissa vegna afleiðinga og menn ekki treyst sér til að stíga fram gegn þeim sem hafa efast eða gert mikið úr mögulegum hindrunum. Ítrekað er sjónarmið um aukna samvinnu og gagnkvæmt upplýsingastreymi á milli stofnana.

Fundi slitið kl. 13:55